

Þessi skylda gerðarþola er í eðli sínu ekkert annað en skylda til peningagreiðslu með gjaldfresti. Kemur ekki til álita, að komið geti til kasta fógeta að meta til peninga samkvæmt reglum aðfararlaga nauðsyn gerðarbeiðanda til þess, að gerðarþoli gefi út veðskuldabréf til hans.

Verður því ekki annað fyrir hendi en að vísa fjárnámskröfu gerðarbeiðanda á bug.

Málskostnaður fellur niður í máli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Fjárnámsgerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. marz 1971.

Nr. 68/1970. **Guðrún Enitra Jónsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn

Jóni Bjarnasyni (sjálfur)
Ragnari Aðalsteinssyni og
(Sigurður Helgason hrl.)

Theodór Ingólfssyni
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1970. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður uppbóðsdóms Reykjavíkur „verði ómerktur“, en til vara, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Jóns Bjarnasonar.

Stefndi Jón Bjarnason hafði upphaflega gagnstefnt í málinu, en gagnsökin var felld niður við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti. Krefst hann staðfestingar úrskurðar uppboðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Ragnar Aðalsteinsson hefur engar kröfur haft uppi.

Stefndi Theodór Ingólfsson krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun málsins hefur ekki verið studd neinum haldberum rökum.

Víxlarnir tveir, sem málið fjallar um, voru samþykktir til greiðslu við sýningu af veðsala, Magnúsi H. Valdimarssyni. Víxilhafi, stefndi Jón Bjarnason, hefur ekki glatað rétti sínum á hendur samþykkjanda, þótt afsagnargerð vegna greiðslufalls færi ekki fram, sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Jóni Bjarnasyni málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 15.000.00. Þá ber og áfrýjanda að greiða stefnda Theodór Ingólfssyni kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðrún Enitra Jónsdóttir, greiði stefnda Jóni Bjarnasyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Áfrýjandi greiði stefnda Theodór Ingólfssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 19. marz 1970.

Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður, hér í borg, hefur krafizt þess, að fasteignin nr. 1 við Réttarholtsveg, að undantekinni risíbúð og því, sem henni fylgir, verði samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfs seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld samkvæmt tveim víxlum, samtals 109.261.00 kr. með 9% ársvöxtum frá 28. desember 1965 til 22. desember 1966, en 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 22. desember 1966 til greiðsludags auk innheimtulauna samkvæmt taxta L. M. F. Í. og alls kostnaðar við uppboðið. Þá krefst hann sérstaks málskostnaðar fyrir sókn uppboðsmáls þessa.

Ragnar Aðalsteinsson, Kópavogsbraut 70, eigandi 1. hæðar hússins Réttarholtsvegar 1 og hluta af kjallara, og Theodór Ingólfsson, Réttarholtsvegi 1, eigandi íbúðar á 2. hæð, en þeir eru uppboðspolar í máli þessu, hafa mótmælt því, að uppboðsgerð þessi nái fram að ganga. Þeir hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar í máli þessu.

Guðrún Enitra Sólberg Jónsdóttir, sem dvelst á Borgarspítalanum í Reykjavík, hefur gerzt meðalgönguaðili í uppboðsmáli þessu. Hún hefur gert þær réttarkröfur, að synjað verði um hina umbeðnu uppboðsgerð og að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi uppboðsbeiðanda.

Uppboðsheimildir hafa komið fram í máli þessu sem rskj. 2 og 3 víxlar og nr. 4 tryggingarbréf. Er tryggingarbréf þetta gefið út 7. janúar 1955 af Magnúsi H. Valdimarssyni, þá til heimilis og þáverandi eiganda að Réttarholtsvegi 1. Hann veðsetur þar húseignina Réttarholtsveg 1 ásamt leigulöð með 3. veðrétti og uppfærslurétti löglegum handhafa víxils að upphæð 100 þúsund krónur, sem hann kveðst hafa samþykkt til greiðslu 26. desember 1965, en sem sé útgefinn af Guðrúnu Jónsdóttur, Réttarholtsvegi 1. Tíðkanleg ákvæði um vanefndaráðstafanir handhafa eru í bréfi þessu, þ. á m. að þá, er skuldin sé komin í gjalddaga, megi láta selja veðið á uppboði án dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum 1. greinar laga nr. 57/1949 og 39. greinar laga nr. 95/1947, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887. Veðsetningin nær til endurnýjunarvíxla og án tillits til, hvort sömu víxilskuldarar eru á síðari víxlum. Guðrún Jónsdóttir, þáverandi eiginkona veðsala, meðalgönguaðili máls þessa, ritar samþykki sitt á bréfið. Tryggingarbréfi þessu var athugasemdalaust þinglýst 22. janúar 1955.

Á bréfið hafa síðan verið gerðar áritanir um veðleyfi og um að risibúð hafi verið leyst úr veðböndum.

Þá hefur uppboðsbeiðandi lagt fram tvo víxla, rskj. 2 og 3. Er sá fyrri að upphæð kr. 100 þúsund, samþykktur til greiðslu við sýningu af Magnúsi H. Valdimarssyni, en útgefinn 28. desember 1965 af Jóni Bjarnasyni. Á víxil þennan er ritað, að hann sé framlenging á víxli, tryggðum með veði í Réttarholtsvegi 1. Víxillinn á rskj. 3 er að fjárhæð kr. 9.261.00. Hann er samþykktur til greiðslu við sýningu af Magnúsi H. Valdimarssyni, en útgefinn af Jóni Bjarnasyni 28. desember 1967.

Á bakhlið hvors víxils er þetta ritað: „Víxillinn sýndur mér til greiðslu 22/12 1966. Magnús H. Valdimarsson“.

Uppboðsbeiðandi kveður víxillinn á rskj. 2 vera síðasta árlegan framlengingarvíxil fyrir skuld þeirri, er tryggingarbréfið á rskj. 4 átti að tryggja. Hann bendir á það ákvæði bréfsins, að veðsetningin tryggði skuld samkvæmt framlengingarvíxli. Hann gerir þá grein fyrir víxlinum á rskj. 3, að þar sé um að ræða stimpilkostnað víxlanna og vexti af höfuðstólnum fyrir tímabilið 28. desember 1964 til jafnlengdar 1965. Hann minnir á það ákvæði tryggingarbréfsins, að veðsetning tryggi stimpilútgjöld og víxilvexti. Vextir hafi verið greiddir eftir á.

Uppboðsbeiðandi kveðst hafa sýnt samþykkjanda víxla þessa til greiðslu hinn 22. desember 1966, sbr. áritanir á bakhlið víxlanna, en greiðsla hafi ekki fengizt og sé þess vegna gengið að veðinu.

Það er komið fram í málinu, að 17. febrúar 1965 var gerður skilnaður þeirra Magnúsar Harðar Valdimarssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, og hinn 27. sama mánaðar gerðu þau með sér samkomulag um búskipti, og hefur það samkomulag í heild verið lagt fram í málinu sem rskj. 12. Þar kemur fram, að Guðrún varð eigandi húseignarinnar Réttarholtsvegur 1, að undanskilinni risihæð, sem Magnús hélt. Hún tók að sér að greiða veðskuldir, áhvílandi eigninni, og hefur bent á 3. lið þess skuldalista, sem sé: 100.000.00 kr. skuld við handhafa víxils. Vísast hér til rskj. 10 í máli þessu.

Með afsali, dags. 12. nóvember 1966, selur Guðrún Jónsdóttir Ragnari Aðalsteinssyni 1. hæð og kjallara hússins. Er tekið fram í afsalinu, að söluverð hafi verið greitt, m. a. með viðgöngu tveggja áhvílandi veðskulda tiltekinna. Þess er getið í afsalinu, að kaupanda sé kunnugt um skuld á 2. og 3. veðrétti, handhafa víxils samkvæmt veðbréfi 7. janúar 1955, að fjárhæð kr. 100.000.00,

og skuld við Tóbakseinkasölu ríkisins samkvæmt veðbréfi 26. febrúar 1958, að fjárhæð kr. 50.000.00. Segir síðan svo: „Skuldir þessar eru að fullu greiddar, en veðbréfin hafa glatazt. Seljandi skuldbindur sig til að láta ógilda bréf þessi með dómi“.

Hinn 25. júlí 1967 selur Guðrún Theodór Ingólfssyni 4ra herbergja íbúð á 2. hæð hússins Réttarholtsvegur 1. Því er lýst yfir í afsali, að kaupverð hafi verið að fullu greitt, og skuldbindur seljandi sig til að aflýsa eftirtöldum skuldum, kaupanda að kostnaðarlausu, fyrir 1. október 1967: a) skuld við handhafa víxils samkvæmt veðbréfi, dags. 7. janúar 1955, kr. 100.000.00, tryggðri með 1. veðrétti, b) skuld við Tóbakseinkasöluna og c) skuld við handhafa víxils, kr. 358.365.80.

Þeir Ragnar Aðalsteinsson og Theodór Ingólfsson hafa báðir látið skila greinargerðum í málinu og vísa hvor um sig til þess ákvæðis í afsöllum, að Guðrún Jónsdóttir skuldbindi sig til að láta aflýsa hinni umkröfðu veðskuld á þeirra eignarhlutum. Mót-mæla þeir uppboði á þeim grundvelli, að þessi krafa sé þeim allsendis óviðkomandi.

Guðrún Jónsdóttir, meðalgönguaðili í máli þessu, hefur skýrt svo frá, að hún muni hafa skrifað samþykki sitt á rskj. 4, a. m. k. segist hún hafa ritað undir skuldabréf til Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns á árinu 1955. Aftur á móti kveðst hún ekki hafa skrifað undir framlengingarvixla fyrir hinum upprunalega víxli og hafi víxillinn verið framlengdur, hafi verið farið alveg á bak við hana með það.

Í máli þessu er fært fram af hendi meðalgönguaðiljans, að þá er samningurinn á rskj. 10 var gerður, hafi hún að vísu tekið að sér að standa í skilum með hina umdeildu víxilskuld, en hún hafi hvílt þinglýst á eigninni, sem hún fékk í sinn hlut við skiptin, og ekkert annað fyrir hendi en að kveða svona á, og þessi yfirlýsing hennar hafi verið algerlega formleg, en engan veginn í henni nein viðurkenning um réttmæti kröfunnar. Hafi og verið talið, að skuldin væri greidd, enda þótt veðbréfið hafi glatazt. Hún segir, að Magnús H. Valdimarsson hafi tjáð sér, að Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður hafi tekið út vörur úr verzluninni Réttarholti til lúkningar skuldinni. Þá hafi verið talið, að ef svo reyndist, að víxillinn væri ógreiddur, þá væri hann fyrndur og veðréttur samkvæmt tryggingarbréfinu niður fallinn sökum rangra og brestandi forsendna.

Meðalgönguaðilinn kveðst nú hafa farið í ógildingarmál, um það leyti sem hún seldi hlutana af Réttarholtsvegi 1. Þá hafi Jón

Bjarnason hæstaréttarlögmaður sótt þing, og með tryggingarbréfið í höndum, og hafi ekkert verið fyrir hendi annað en láta hefja ógildingardómsmálið.

Meðalgönguaðilinn staðhæfir, að Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður sé ekki löglegur handhafi og eigandi skjala þeirra, sem uppboðskrafan byggist á. Hún mótmælir því, að greiðslufall hafi orðið af hálfu Magnúsar H. Valdimarssonar, og sanni áritun hans á víxillinn ekkert um þetta atriði. Aðeins ein sönnun verði færð að greiðslufalli á víxli: afsagnargerð. Hér hafi afsögn verið látin undan fallast og leiði af því og víxilreglum að öðru leyti, að víxillinn sé ógildur fyrir vangeymslu og veðsetningin þar með fallið niður, einnig fyrir rangar og brestandi forsendur. Tryggingarbréfsveðréttur standi og falli með gildi sjálfs víxilsins samkvæmt almennum reglum.

Loks bendir meðalgönguaðilinn á það, að Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður hafi færzt undan að leggja fram framtöl sín fyrir þau ár, sem skuldin er sögð vera í gildi. Hann verði samkvæmt almennum reglum réttarfars að bera hallann af því, og er staðhæft, að hann hafi aldrei á þessum árum talið sér kröfu þessa til eignar. Um önnur gögn, sem komið hafa fram í málinu og uppboðsbeiðandi hefur viljað byggja rétt á, sjá t. d. rskj. 13, 20 og 21, er því haldið fram, að meðalgönguaðilinn hafi ekki undirritað þau.

Uppboðsbeiðandi segir, að víxillinn á rskj. 3 sé þannig til kominn, að hann hafi útvegað Magnúsi H. Valdimarssyni 100.000.00 kr. lán. Hann segir og, að þá er samningurinn á rskj. 10 var gerður, hafi umboðsmaður Guðrúnar Jónsdóttur spurt um, hvar víxill sá, sem um getur í 3. tl. 3. gr. sammingsins, væri niðurlominn, og segist uppboðsbeiðandi hafa sagzt vera handhafi hans og jafnframt svarað til um gjalddaga hans. Hann segir, að aldrei hafi verið nefnt við sig, að víxillinn mundi vera fyrndur eða greiddur eða veðréttur niður fallinn og hafi verið hægt um hönd hjá meðalgönguaðiljanum að láta slíka athugasemd koma fram við gerð sammingsins á rskj. 10. Það sé ekki rétt hjá meðalgönguaðiljanum, að farið hafi verið á bak við hana með framlengingar, en hún hafi þó ekki þurft að standa að framlengingum, svo veðréttur héldist samkvæmt ákvæðum bréfsins. Uppboðsbeiðandi heldur því fram, að bæði Magnús og Guðrún Jónsdóttir hafi vitað um og viðurkennt tilvist skuldarinnar á árinu 1957 og á árinu 1959 og það komi fram í skýringum sonar þeirra hjóna, Valdimars, viðfestum veðbókarvottorði á rskj. 22, að veðskuldin

var óbreytt árið 1960. Þá vísar uppboðsbeiðandi til bréfs síns til umboðsmanns Guðrúnar 16. nóvember 1964, rskj. 24, þar sem veðskuldar þessarar er getið með öðrum skuldum, og við þeirri staðhæfingu hafi verið þagað. Enn vísar hann til sameiginlegs framtals Magnúsar og Guðrúnar árið 1965, þar sem skuldarinnar sé getið, og loks bendir hann á, að Magnús H. Valdimarsson hafi borið hér í uppboðsréttinum, að skuldin sé ógreidd. Þegar á þetta sé litið, segist uppboðsbeiðandi ekki hafa neina ástæðu til þess að leggja fram framtöl sín.

Uppboðsbeiðandi vísar á bug vefengingu meðalgönguaðiljans á réttmætri handhöfn hans. Handhöfnin og yfirlýsing Magnúsar H. Valdimarssonar um greiðslufall sýni, að víxillinn sé ógreiddur. Ekki hafi verið þörf frekari sönnunar fyrir greiðslufalli. Af-sagnargerð hafi hér ekki átt við, en sú athöfn fari fram til þess að tryggja rétt víxilhafa gagnvart útgefanda og ábekingum víxils, en hér sé ekki um þá að ræða. Uppboðsbeiðandi kveður sér óviðkomandi samninga Magnúsar H. Valdimarssonar og meðalgönguaðiljans um skuldina svo og ráðstafanir meðalgönguaðiljans og samninga við þá uppboðspólana, Ragnar Aðalsteinsson og Theodór Ingólfsson, þeir verði að þola uppboð í sínum eignarhlutum vegna þess, að hlutirnir höfðu verið löglega veðbundnir, er uppboðspólarnir urðu eigendur þeirra.

Magnús H. Valdimarsson, sem búsettur er í Bogahlíð 12, hefur skýrt svo frá, að uppboðsbeiðandi, Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður, sé eigandi víxla og tryggingarbréfs, rskj. 2—4, og hafi hann verið eigandi upphaflega víxilsins og síðari framlengingarvíxla, og segir hann, að víxillinn hafi verið framlengdur reglulega, en dagsetningar og nánari tildrög kveðst hann nú ekki muna. Hann kveðst ekki muna til þess, að Guðrún Jónsdóttir hafi ritað nafn sitt á framlengingarvíxla.

Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður hefur handhöfn víxla þeirra, sem hann byggir kröfu sína á, og tryggingarbréf það, er heimilar fullnustugerð í veðinu, hluta af Réttarholtsvegi 1. Sú staðhæfing, að gallar séu á handhöfn og eignarrétti hans á skjölum þessum og kröfum, hefur ekki verið rökstudd. Þar eð veði tryggir jafnframt áfallna vexti, virðist ekkert við það að athuga, þó sérstakur víxill hafi verið gerður um þær upphæðir. Ekkert virðist hafa komið fram í máli þessu því til hnekkis, að víxillinn á rskj. 2 sé síðastur í röð framlengingarvíxla og að hann sé ógreiddur.

Með eignaskiptasamningnum á rskj. 10 tók meðalgönguaðilinn,

Guðrún Jónsdóttir, að sér veðskuld við handhafa víxils að upphæð kr. 100.000.00, en veðið varð eign hennar samkvæmt þessum samningi. Það er ekki sérstaklega vefengt í máli þessu, að þar væri um að ræða þá víxilskuld, sem liggur fyrir í uppboðsmáli þessu, í formi framlengingarvixils, rskj. 2. Þessi yfirlýsing meðalgönguauðiljans um viðgöngu veðskuldarinnar er fortakslaust orðuð og hafi hún þá talið skuld þessa vera greidda, kemur það í öllu falli ekki fram í samningnum, og hefði þó verið full ástæða til þess þá. Verður að ganga út frá því, að hún hafi með þessu undirgengist ákvæði tryggingarbréfsins og að þola innheimtuaðgerðir víxilhafa í veðinu, ef greiðsla þryti af hálfu Magnúsar H. Valdimarssonar. Með því að Magnús var samþykkjandi víxilsins og eini víxilskuldarinn og ekki um að ræða neina endurkröfu á hendur honum samkvæmt víxlinum, þykir ekki ástæða til að líta svo á, að uppboðsbeiðandi hafi verið nauðbeygður til að láta fara fram afsagnargerð til sönnunar greiðslufalli. Verður að telja, að greiðsluáskorun sú, sem felst í áritun á víxlana um sýningu til greiðslu, nægi eftir atvikum til að heimila, að gengið verði að veðinu.

Ákvæði tryggingarbréfsins á rskj. 4 heimilar uppboðsbeiðanda fullnustugerð í veðinu án dóms, sáttar eða aðfarar. Samningar uppboðsþolanna, Ragnars Aðalsteinssonar og Theodórs Ingólfssonar, við meðalgönguauðiljann, Guðrúnu Jónsdóttur, skipta ekki máli um þennan rétt uppboðsbeiðanda. Verður hin umbeðna uppboðsgerð látin ná framgangi á ábyrgð uppboðsbeiðanda til lúkningar kr. 109.261.00 með 1% mánaðarvöxtum frá 22. desember 1966 til greiðsludags svo og til lúkningar innheimtulaunum til uppboðsbeiðanda samkvæmt taxa Lögmannafélags Íslands, kr. 8.563.00, og öðrum kostnaði við uppboðið.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í uppboðsmáli þessu. Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp þennan úrskurð.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna uppboðsgerð fer fram á ábyrgð uppboðsbeiðanda til lúkningar kr. 109.261.00 með 1% mánaðarvöxtum frá 22. desember 1966 til greiðsludags svo og til lúkningar innheimtulaunum, kr. 8.563.00, og öðrum kostnaði við uppboðið.

Málskostnaður í uppboðsréttarmáli þessu fellur niður.